

## Skólaráð Naustaskóla

2. fundur ársins 2012 þann 1. febrúar kl. 8:10

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Sara Stefánsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Brynja D. Hermannsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Harpa M. Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Pétur Már Guðmundsson og Hrannar Þór Rósarsson.

### Dagskrá og afgreiðslur:

**Fyrst og fremst um umræðufund að ræða þar sem tekin voru fyrir nokkur mál á starfsáætlun skólaráðs sem ekki þarfnast beinna ákvarðana á þessum tímamarki en gott er að taka upp til umræðu árlega.**

- 1. Framkvæmd agastefnu.** Segja má að frá sl. hausti hafi verið byrjað upp á nýtt á innleiðingu stefnunnar. Þá fóru kennarar á námskeið og hafa síðan unnið að innleiðingunni eftir ákveðnu skipulagi sem nú hefur runnið sitt skeið. Markmiðið var að á þessum tímamarki yrðu gæðahringir með dagskrá frá nemendum komnir í gang í öllum aldurshópum. Það hefur ekki alls staðar gengið eftir en stendur vonandi til bóta. Fulltrúar kennara bentu á mikilvægi þess að gæðahringirnir ættu sína föstu og öruggu tíma í stundatöflu til að þeir virki sem best. Verður tekið upp til umræðu á næsta kennarafundi.
- 2. Sérfræðiþjónusta.** Rætt um skipulag sérfræðiþjónustu, þjónustu fjölskyldudeildar, störf nemendaverndarráðs o.fl. Vangaveltur um þau úrræði sem í boði eru, m.a. rætt um hvort það ætti að nýta það úrræði meira að flytja nemendur milli skóla þar sem það virðist í sumum tilfellum geta gefið góða raun. Skólastjóri mun koma þessum vangaveltum áfram í umræðuna.
- 3. Námsaðlögun.** Umræður vítt og breitt. Rætt um foreldraviðtölin síðast, sumum foreldrum finnst vanta töluvert upp á að upplýsingar um námsstöðu nemenda séu nægilega góðar, einnig hafa komið fram þau sjónarmið hjá foreldrum að möppurnar séu of einhæfar meðan aðrir lýsa yfir ánægju með þær. Þá hafa komið fram ábendingar að hægt væri að nýta viðtöl betur til markmiðssetningar með nemendum. Einnig rætt um tengsl umsjónarkennara við nemendur og hvernig megi tryggja bæði fjölbreytni í vinnubrögðum / sérhæfingu innan teyma annars vegar en gott samband umsj.kennara og nemanda hins vegar. Fram kom sú hugmynd að fella viðtalsdag / viðtalsdaga inn í skóladagatal þannig að viðtöl fari frekar fram eftir kennslu nokkra daga síðdegis en að þau fari öll fram í einu, það verður rætt við gerð skóladagatals fyrir næsta vetur.

Stefnt er að öðrum fundi síðar í febrúarmánuði þar sem rætt verður um skóladagatal, stundaskrárramma næsta vetrar o.fl.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið um kl. 9:30

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð